

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akraneskaupstað.

#### *Deiliskipulag Æðarodda, breyting á Æðarodda 36.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, þann 27. júlí 2017 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 36 við Æðarodda. Í breytingunni felst m.a. að nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr 0,7 í 0,76, afmörkuð er ný lóð, Æðaroddi 38, fyrir hestagerði og bílastæði, snúningsplan við enda götu er stækkað og breyting er á reiðgötu meðfram lóðum húsa nr. 41, 43, 45 og 47 við Æðarodda.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag Dalbraut – Þjóðbraut.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, þann 10. október 2017 breytingu á lóðinni nr. 8 við Dalbraut. Breytingin felst í að skipulagssvæði deiliskipulags Dalbrautar – Þjóðbrautar er minnkað sem nemur lóðinni Dalbraut 8.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Deiliskipulag Dalbrautarreits.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, þann 10. október 2017 breytingu á lóðum við Þjóðbraut 1, Dalbraut 2, 4, 6 og 8. Í breytingunni felst m.a. stækkun skipulagssvæðis til norðurs yfir lóð við Dalbraut 8 bætt verður við hæð húsa, íbúðum fjölgað og um leið mun nýtingarhlutfall svæðisins hækka. Á Dalbraut 4 er heimiluð starfsemi undir félagsstarf á jarðhæð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 29. nóvember 2017.*

**Sigurður Páll Harðarson,**  
sviðsstjóri skipulags- og umhverfiráðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2017